Rafsegulfræði

Fyrirlestrar / Dæmatímar → Viðar Guðmundsson
vidar@hi.is

Canvas + opnir vefir

https://vidargudmundsson.org/Nam/RFS/RFS_1.html
https://vidar.hi.is/Nam/RFS/RFS_1.html

Heimadæmi: gilda 30% í lokaeinkunn

Bók: D.J. Griffiths, Electrodynamics

	Yfirlit					11+
2, 4	Rafstöðusvið	1v	5, 6	Segulstöðufræði	2v	Geislun
3	Lausnir rafst. verk.	1.5v	7, 8	Tímaháð svið	2v	dreifing
5.1.3+	Straumar	0.5v	8, 9	Rafsegulbylgjur	2v	dofnun
			9	Bylgjustokkar, hol	1v	1v
			10+	Geislun, loftnet	1v	

Rafstöðufræði

(2)

Rafsvið skilgreint frá kraftsviði

$$\boxed{\bar{E} = \lim_{q\to 0} \frac{\bar{F}}{q}}$$

með tilraunahleðslu q

↓

Kraftur á hleðslu q í rafsviði $\bar{E}$

$$\boxed{\bar{F} = q\bar{E}}$$

Eiginleikar rafsviðs (rafstöðusviðs) eru skilgreindir með tveimur (Maxwells) jöfnum (í "tómarúmi")

$$\boxed{\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \frac{\rho}{\epsilon_0}}$$

hleðsluþéttleiki

rafsvörunarfasti tómarúms

$$\boxed{\bar{\nabla}\times\bar{E} = 0}$$

Hér má lesa úr jöfnunum: Rafsvið á sér uppsprettur, Rafsviðslínur í tómarúmi í rafstöðufræði eru ekki lokaðar lykkjur.

(3)

Stokes regla fyrir snúningslaust eða geymið svið og „sundurleitni reglan" gefa heildisframsetningu

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \frac{\rho}{\epsilon_0} \longleftrightarrow \boxed{\oint_S \bar{E}\cdot d\bar{s} = \frac{Q}{\epsilon_0}} \quad \text{Gauss}$$

$$\bar{\nabla}\times\bar{E} = 0 \longleftrightarrow \boxed{\oint_C \bar{E}\cdot d\bar{l} = 0}$$

flæði rafsviðs út um lokað yfirborð er í réttu hlutfalli við heildarhleðsluna innan þess.

Heildissvið ⟷ Afleiðusvið

Coulomb

(4)

Ein jákvæð punkthleðsla

+q

Eins átta rafsvið út úr fleti

$$\oint_S \bar{E}\cdot d\bar{s} = \oint_S (\bar{a}_R E_R)\cdot\bar{a}_R ds = \frac{q}{\epsilon_0}$$

$$E_R (4\pi R^2) = \frac{q}{\epsilon_0}$$

E_R einsleitt á kúluyfirborðinu

$$\boxed{\bar{E} = \bar{a}_r \frac{q}{4\pi\epsilon_0 R^2}}$$

Miðum ekki alltaf hnitakerfið við staðsetn. hleðslu



$$\bar{E}_P = \bar{a}_{qP}\frac{q}{4\pi\epsilon_0|\bar{R}-\bar{R}'|^2} = \bar{E}(\bar{R})$$

5

Einingarvigurinn er skrifanlegur sem

$$\bar{a}_{qP} = \frac{\bar{R}-\bar{R}'}{|\bar{R}-\bar{R}'|}$$

$\rightarrow$

$$\boxed{\bar{E}_P = \bar{E}(\bar{R}) = \frac{q(\bar{R}-\bar{R}')}{4\pi\epsilon_0|\bar{R}-\bar{R}'|^3}}$$

Langseilinn rafkraftur endurspeglar:

* Ljóseind er massalaus
* Ljóseindir víxlverkast ekki innbyrðis

Rafsvið hleðslusafns

$$\bar{E}(\bar{R}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\sum_{k=1}^{n}\frac{q_k(\bar{R}-\bar{R}'_k)}{|\bar{R}-\bar{R}'_k|^3}$$

n-hleðslur q_k í hnitum $\bar{R}'_k$ við reiknum rafsviðið $\bar{E}(\bar{R})$ í punkti $\bar{R}$

6

Samfelld hleðsludreifing

$$\bar{E}(\bar{R}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int_{V'} dv' \frac{\rho(\bar{R}')(\bar{R}-\bar{R}')}{|\bar{R}-\bar{R}'|^3}$$

$\rho(\bar{R}')$: hleðsluþéttleiki

fyrir yfirborðshleðsluþéttleika $\rho_s(\bar{R})$ (eða $\sigma(\bar{R})$) er rafsviðið

$$\bar{E}(\bar{R}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int_{S'} ds' \frac{\rho(\bar{R}')(\bar{R}-\bar{R}')}{|\bar{R}-\bar{R}'|^3}$$

Venjulega er þægilegra að reikna fyrst rafmættið sem við athugum bráðlega.
(Athugasemd um heildun í bók)

7

Lögmál Gauss

$$\oint_S \bar{E}\cdot d\bar{s} = \frac{Q}{\epsilon_0}$$

Heildarflæði $\bar{E}$ út um lokað yfirborð er jafnt heildarhleðslu Q innan þess margf. með $1/\epsilon_0$

lesa sjálf í bók. Ákaflega mikilvægt fyrir hleðsludreif. með háa samhverfu.

Við skoðum tvær afleiðingar

Hleðsludreifing, kúlusamhverf, $\rho(r)$

$$\rho(\bar{r}) = \begin{cases} \rho(r) & \text{ef } r \leq a_0 \\ 0 & \text{ef } r > a_0 \end{cases}$$

Athugum rafsviðið utan hleðsludreifingarinnar í fjarlægð $r > a_0$

Hleðsludreifingin er kúlusamhverf $\rightarrow$ rafsviðið getur aðeins verið "radíalt" og fast á kúluflöti með sömu miðju...

8

$$\int dv\, \rho(\bar{r}) = Q$$

Einingarvigur í "radial" eða útstefnu í bók $\hat{r} = \bar{a}_R$

$$\oint_S \bar{E}\cdot d\bar{s} = \frac{Q}{\epsilon_0} \rightarrow 4\pi r^2 E(r) = \frac{Q}{\epsilon_0} \rightarrow \bar{E}(r) = \frac{Q}{4\pi\epsilon_0 r^2}\hat{r}$$

Í þessu tilfelli er rafsviðið óháð nákvæmri dreifingu hleðslunnar. Sama rafsvið og punkthleðsla Q myndi valda!

Óhlaðið H-atóm

Er rafsvið í kringum það?

* Gerum ráð fyrir að kjarnhleðslan sé punkthleðsla $+e$
* Í grunnástandi er hleðsludreifing rafeindarinnar $\rho_e(r) \sim A e^{-2\alpha r}$ þar sem A og α eru þekktir stuðlar

Atómið er <u>óhlaðið</u> $\rightarrow \int_{\text{allt rúmið}} dv\, \rho_e(\bar{r}) = -e$

(9)

* Hugsum okkur kúluyfirborð með geisla r
* Innan þess er alltaf endanleg jákvæð hleðsla fyrir endanlegt r (hluti ρ_e er utan þessa yfirborðs).
* Það er því alltaf endanlegt rafsvið $\rightarrow$ Kraftur fyrir „utan" H-atóm
* Krafturinn er skammseilinn, fellur með veldisvísisfalli, miklu hraðar en Coulomb-krafturinn fyrir, +e punkthleðslu eða fyrir tvípól

$\oplus$ +e

$\ominus$ -e

Rafstöðumætti

(10)

Um rafstöðusvið gildir $\bar{\nabla}\times\bar{E} = 0$

Almennt gildir fyrir skalarsvið V

$$\bar{\nabla}\times(\bar{\nabla}V) \equiv 0$$

Því er hægt að finna skalarsvið V þannig að

$$\boxed{\bar{E} = -\bar{\nabla}V}$$

Í 4. kafla eru kynntar aðferðir t.þ.a. reikna $V(\bar{r})$ sem eru einfaldari oftast en að reikna $\bar{E}(\bar{r})$ beint.

(11)

Spennumunur í rafstöðumætti er

$$V_2 - V_1 = -\int_{P_1}^{P_2} \bar{E}\cdot d\bar{l} \qquad \text{óháð leið}$$

$V_2 - V_1 = \dfrac{W}{q}$ { er vinnan sem þarf t.þ.a. færa einingarhleðslu frá P_1 til P_2 í rafsviðinu $\bar{E}$

Tvískaut



$$V_P = V(\bar{r}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\sum_{k=1}^{2}\frac{q_k}{|\bar{r}-\bar{r}_k'|}$$

$$= \frac{q}{4\pi\epsilon_0}\left\{\frac{1}{|\bar{r}-\bar{d}/2|} - \frac{1}{|\bar{r}+\bar{d}/2|}\right\}$$

(12)

$\bar{r} - \frac{\bar{d}}{2} = \left(r\sin\theta\cos\varphi,\ r\sin\theta\sin\varphi,\ r\cos\theta - \frac{d}{2}\right)$ í Kartískum hn.

$$\left|\bar{r}-\frac{\bar{d}}{2}\right| = \left(r^2\sin^2\theta + \left(r\cos\theta - \frac{d}{2}\right)^2\right)^{1/2} = \left(r^2 - dr\cos\theta + \frac{d^2}{4}\right)^{1/2}$$

$$= r\left(1 - \frac{d}{r}\cos\theta + \frac{d^2}{4r^2}\right)^{1/2} \simeq r\left(1 - \frac{d}{2r}\cos\theta\right) \text{ ef } r \gg d$$

$$\frac{1}{|\bar{r}-\bar{d}/2|} - \frac{1}{|\bar{r}+\bar{d}/2|} \simeq \left\{\frac{1}{r}\left(1+\frac{d}{2r}\cos\theta\right) - \frac{1}{r}\left(1-\frac{d}{2r}\cos\theta\right)\right\}$$

$$= \frac{d\cos\theta}{r^2}$$

$$\rightarrow V_P = V(\bar{r}) = \frac{q}{4\pi\epsilon_0}\frac{d\cos\theta}{r^2} = \frac{\bar{p}\cdot\hat{a}_R}{4\pi\epsilon_0 r^2}$$

$$\bar{p} = q\bar{d}$$

(13)

Rafsviðið fæst með

$$\bar{E} = -\bar{\nabla} V = -\hat{a}_R \frac{\partial V}{\partial r} - \hat{a}_\theta \frac{\partial V}{r\partial \theta}$$

$$= \frac{p}{4\pi\epsilon_0 r^3}\left\{\hat{a}_R\, 2\cos\theta + \hat{a}_\theta \sin\theta\right\}$$

(1)

Leiðari í rafstöðusviði

Stórsær skali, slökunartími

Í jafnvægi gildir innan leiðara

$\rho = 0$

$\bar{E} = 0$

Leiðari getur verið með yfirborðshleðslu ρ_s

Þáttur $\bar{E}$ samhliða yfirb. við málmyfirborð (leiðara)

$\bar{E}_t = 0$



$\oint \bar{E}\cdot d\bar{l} = 0$

$= E_t \Delta w$ þ. $\Delta h \to 0$

$\to \bar{E}_t = 0$

(2)

Þverþáttur $\bar{E}$ við yfirborð leiðara



$$\oint_S \bar{E}\cdot d\bar{s} = \bar{E}_n \cdot \Delta S = \frac{\rho_s \Delta S}{\epsilon_0}$$

$$\to E_n = \frac{\rho_s}{\epsilon_0}$$

Innan leiðara $\bar{E} = 0$, $\rho = 0$ í jafnvægi

Jaðarskilyrði við yfirborð

$\bar{E}_t = 0$

$E_n = \frac{\rho_s}{\epsilon_0}$

Rafsviðið er alls staðar hornrétt á yfirborð leiðara

yfirborðið er jafnspennuflötur

(3)

Rafsvarar í rafstöðufræði

Til eru mism. framsetn. Við fylgjum bók hér.

Stórsær $\leftrightarrow$ Smásær skali

* Frjálsar hleðslur (hreyfanlegar rafeindir.... leiðni rafeindir)

* Bundnar hleðslur (þéttbundnar rafeindir hægt að hnika til)

↳ Skautun

ytra rafsvið getur hnikað til rafeindum í atómum, sameindum .....

Sumar sameindir eru skautaðar, ytra svið raðar skautunum upp.

Sum efni halda skautunar uppröðun án ytra sviðs (undir vissu hitastigi)

↑

(e. electret)

4

Rafsvari



hvert lítið rúmfrymi dv' gefur tvískauts-mætti í p. $\bar{r}$

$$dV = \frac{\bar{P}\cdot\hat{a}_R}{4\pi\epsilon_0 R^2}\,dv' \;,\quad \bar{P} = \bar{P}(\bar{r}')$$

Heildarrafstöðumættið er því

$$V(\bar{r}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int_{V'} dv'\,\frac{\bar{P}\cdot\hat{a}_R}{R^2} \;,\quad R = |\bar{r}-\bar{r}'|$$

Skautun leiðir til yfirborðshleðslu (fastrar)

Þessa jöfnu má umskrifa sem

$$V(\bar{r}) = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\oint_{S'} \underbrace{\frac{\bar{P}\cdot\hat{a}_n}{R}}_{\text{yfirborðsliður}}\,ds' + \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int_{V'} \underbrace{\frac{(-\bar{\nabla}'\cdot\bar{P})}{R}}_{\text{bol liður}}\,dv'$$

5

Form heildanna bendir á túlkun

$$\boxed{\begin{aligned} \bar{P}\cdot\hat{a}_n &= \rho_{ps} \\ -\bar{\nabla}\cdot\bar{P} &= \rho_p \end{aligned}}$$

yfirborðshleðsla vegna skautunar

bolhleðsla v. skautunar

Skautaða rafsvarann má skipta út fyrir ρ_{ps} og ρ_p (hleðsluþéttleika)

Rafsviði í kerfi með rafsvara má því reikna frá

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \frac{1}{\epsilon_0}\overbrace{(\rho + \rho_p)}^{\text{heildar stórsæja hleðslan}}$$

ρ er því stórsæja frjálsa (hreyfanlega) hleðslan

(Hér eru til önnur byrjunarsjónarmið, hleðslur utan agnanna)

6

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \frac{1}{\epsilon_0}(\rho + \rho_p) = \frac{1}{\epsilon_0}(\rho - \bar{\nabla}\cdot\bar{P})$$

$$\rightarrow \quad \bar{\nabla}\cdot(\epsilon_0\bar{E} + \bar{P}) = \rho$$

Skilgreinum færslusviðið $\bar{D}$ þ.a.

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{D} = \rho$$

þægilegra form þ.s. okkur finnst sem við stjórnum frjálsu hleðslunum

Við þekkjum ρ í upphafi, en ekki ρ_p

með

$$\bar{D} = \epsilon_0\bar{E} + \bar{P}$$

→ því verður þetta á heildisformi

$$\oint \bar{D}\cdot d\bar{a} = Q$$

Varúð, ekki er til Coulombs lögmál fyrir D, ekki er víst að $\bar{\nabla}\times\bar{D} = 0$. T.D. er $\bar{\nabla}\times\bar{P} \neq 0$ í einf. stangar "electret". Ekkert mætti er til fyrir $\bar{D}$!

7

Í flestum efnum er $\bar{P}(\bar{E})$

Í efni með línulega og einsleita svörun gildir

$$\bar{P} = \epsilon_0\chi_e\bar{E}$$

þar sem χ_e er rafviðtak

$$\bar{D} = \epsilon_0\bar{E} + \bar{P} = \epsilon_0(1+\chi_e)\bar{E}$$

$$= \epsilon_0\epsilon_r\bar{E} = \epsilon\bar{E}$$

Almennt er ϵ í raun tensor háður tíðni og bylgjulengd (Reiknanlegt frá efniseiginleikum með eðlisfræði þéttefnis)

Dæmi

Jákvæð punkt hleðsla Q í miðju rafsvarakúluskeljar með geisla $R_i < R_o$



finna $\bar{E}$, V, $\bar{D}$ og $\bar{P}$

(8)

$R > R_o$

Rafsvarinn er óhlaðinn
Gausslögmál

$$E_{R1} = \frac{Q}{4\pi\epsilon_o R^2}$$

$$V_1 = \frac{Q}{4\pi\epsilon_o R}$$

$$\bar{P} = 0 \rightarrow D_{R1} = \epsilon_o E_{R1}$$

$R_i < R < R_o$

Gauss

$$E_{R2} = \frac{Q}{4\pi\epsilon R^2}$$

$$\rightarrow D_{R2} = \epsilon E_{R2} = \frac{Q}{4\pi R^2}$$

$$\bar{P} = \bar{D} - \epsilon_o \bar{E}$$

$$\rightarrow P_{R2} = \frac{Q}{4\pi R^2}\left(1 - \frac{\epsilon_o}{\epsilon}\right) = \frac{Q}{4\pi R^2}\left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)$$

því $\epsilon = \epsilon_o \epsilon_r$

$$V_2 = -\int_{\infty}^{R_o} E_{R1}\,dR - \int_{R_o}^{R} E_{R2}\,dR$$

$$= V_1(R_o) - \frac{Q}{4\pi\epsilon}\int_{R_o}^{R}\frac{dR}{R^2}$$

$$= \frac{Q}{4\pi\epsilon_o}\left\{\frac{1}{R_o} + \frac{1}{\epsilon_r R} - \frac{1}{\epsilon_r R_o}\right\}$$

$$= \frac{Q}{4\pi\epsilon_o}\left\{\left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)\frac{1}{R_o} + \frac{1}{\epsilon_r R}\right\}$$

(9)

$R < R_i$

$$E_{R3} = \frac{Q}{4\pi\epsilon_o R^2}$$

$$D_{R3} = \frac{Q}{4\pi R^2}$$

$$P_{R3} = 0$$





$$V_3 = V_2(R_i) - \int_{R_i}^{R} E_{R3}\,dR$$

$$= \frac{Q}{4\pi\epsilon_o}\left\{\left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)\frac{1}{R_o} - \left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)\frac{1}{R_i} + \frac{1}{R}\right\}$$



$$\epsilon_o \bar{E} = \bar{D} - \bar{P}$$

$$\boxed{\begin{gathered}\rho_{ps}(R_i) = \bar{P}\cdot(-\hat{a}_R)\Big|_{R=R_i} = -\left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)\frac{Q}{4\pi R_i^2} \\ \rho_{ps}(R_o) = \left(1 - \frac{1}{\epsilon_r}\right)\frac{Q}{4\pi R_o^2}, \quad \rho_p = 0\end{gathered}}$$

(10)

Styrkur rafsvara
sjá töflu 3-1

Jaðarskilyrði á mörkum tveggja rafsvara

$$\boxed{\bar{E}_{1t} = \bar{E}_{2t}} \qquad \left(\frac{\bar{D}_{1t}}{\epsilon_1} = \frac{\bar{D}_{2t}}{\epsilon_2}\right)$$

$$\boxed{\hat{a}_{n2}\cdot(\bar{D}_1 - \bar{D}_2) = \rho_s}$$ hleðsluþéttleiki yfirborðs

einingarvigur út úr efni 2

(11)

Rýmd í fjölleiðarakerfi

N leiðarar með Q_i og V_i

$$V_1 = p_{11}Q_1 + \cdots p_{1N}Q_N$$
$$\vdots$$
$$V_N = p_{N1}Q_1 + \cdots p_{NN}Q_N$$

mættisstuðlar

hægt að snúa við

$$Q_1 = C_{11}V_1 + \cdots C_{1N}V_N$$
$$\vdots$$
$$Q_N = C_{N1}V_1 + \cdots C_{NN}V_N$$

C_{ii} : rýmdar stuðlar

C_{ji} $(i \neq j)$: span stuðlar



$$Q_1 = C_{11}V_1 + C_{12}V_2 + C_{13}V_3$$

$$Q_2 = C_{12}V_1 + C_{22}V_2 + C_{23}V_3$$

$$Q_3 = C_{13}V_1 + C_{23}V_2 + C_{33}V_3$$

eða með „hlut rýmd $\mathbb{C}_i$"

$$Q_1 = \mathbb{C}_{10}V_1 + \mathbb{C}_{12}(V_1 - V_2) + \mathbb{C}_{13}(V_1 - V_3)$$

$$Q_2 = \mathbb{C}_{20}V_2 + \mathbb{C}_{12}(V_2 - V_1) + \mathbb{C}_{23}(V_2 - V_3)$$

$$Q_2 = \mathbb{C}_{30}V_3 + \mathbb{C}_{13}(V_3 - V_1) + \mathbb{C}_{23}(V_3 - V_2)$$

(12)

Sem má endurraða

$$Q_1 = (\mathbb{C}_{10}+\mathbb{C}_{12}+\mathbb{C}_{13})V_1 - \mathbb{C}_{12}V_2 - \mathbb{C}_{13}V_3$$

$$Q_2 = -\mathbb{C}_{12}V_1 + (\mathbb{C}_{20}+\mathbb{C}_{12}+\mathbb{C}_{23})V_2 - \mathbb{C}_{23}V_3$$

$$Q_3 = -\mathbb{C}_{13}V_1 - \mathbb{C}_{23}V_2 + (\mathbb{C}_{30}+\mathbb{C}_{13}+\mathbb{C}_{23})V_3$$

$$\Downarrow$$

$$C_{11} = \mathbb{C}_{10} + \mathbb{C}_{12} + \mathbb{C}_{13}$$

$$C_{22} = \mathbb{C}_{20} + \mathbb{C}_{12} + \mathbb{C}_{23}$$

$$C_{33} = \mathbb{C}_{30} + \mathbb{C}_{13} + \mathbb{C}_{23}$$

$$C_{12} = -\mathbb{C}_{12}$$

$$C_{23} = -\mathbb{C}_{23}$$

$$C_{13} = -\mathbb{C}_{13}$$

→ snúa við

afstæð hlutrýmd

$$\mathbb{C}_{10} = C_{11} + C_{12} + C_{13}$$

$$\mathbb{C}_{20} = C_{22} + C_{12} + C_{23}$$

$$\mathbb{C}_{30} = C_{33} + C_{13} + C_{23}$$

Rýmd leiðara til jarðar

rýmd leiðara i til allra hinna tengdra við jörð

(13)

Orka í hleðslu uppröðun

$$\boxed{W_e = \frac{1}{2}\sum_{k=1}^{N} Q_k V_k}$$

Jöfn vinnunni sem þarf til að raða hleðslum saman frá „∞“

$$\boxed{W_e = \frac{1}{2}\int_{V'} dv'\, \rho V}$$

← sjálforka innifalin

táknað við svið

$$\boxed{W_e = \frac{1}{2}\int_{V'} dv'\, \overline{D}\cdot\overline{E}}$$

(1)

Lausn rafstöðuverkefna

Grunnjöfnur rafstöðufræðinnar í stórsæu efni eru

$$\boxed{\begin{aligned} \overline{\nabla}\cdot\overline{D} &= \rho \quad (1) \\ \overline{\nabla}\times\overline{E} &= 0 \quad (2) \end{aligned}}$$

með jaðarskilyrðum sem við höfum rætt

Vegna (2) er hægt að finna mætti

$$\overline{E} = -\overline{\nabla}V \qquad (3)$$

Ef hægt er að skrifa

$$\overline{D} = \epsilon\overline{E} \qquad (4)$$

(ϵ má vera fall af staðarhnitum)

má setja saman (1) og (4)+(3) þ.a.

$$\overline{\nabla}\cdot(\epsilon\overline{\nabla}V) = -\rho$$

Í efni þar sem ϵ er fasti fæst

$$\boxed{\nabla^2 V = -\frac{\rho}{\epsilon}} \qquad (5)$$

Jafna Poissons með Laplace virkjanum ∇^2

(2)

Í kerfi með engum frjálsum hleðslum lýsir jafna Laplace

$$\boxed{\nabla^2 V = 0} \qquad (6)$$

rafstöðumættinu V.

(5) og (6) eru hlutafleiðujöfnur fyrir „skalar“ rafstöðumættið

Þegar V er fundið er einfalt að reikna rafsviðið

$$\overline{E} = -\overline{\nabla}V$$

Til eru margar aðferðir til að leysa jöfnur Poissons og Laplace

Greiningaraðferðir	tölulegar

Green föll → heildisjöfnur með innbyggðum jaðarskilyrðum

fallagrunnar → eiginföll virkja Fourier, Laplace gr. ......

Net + endanleg bútun

spegilmyndir

$\boxed{\text{Við skoðum aðeins nokkrar einfaldar aðferðir}}$

3

> Lesa 4-3 í bók um einkvæmni lausna þessarra jafna !

Dæmi

Reikna $\bar{E}$ utan og innan hlaðinnar kúlu með geisla b og fastan hleðsluþéttleika

$$\rho = \begin{cases} -\rho_0 & R \leq b \\ 0 & \text{annars} \end{cases}$$



Innan kúlu þarf að leysa jöfnu Poissons og jöfnu Laplace utan hennar

Í kúluhnitum er virki Laplace

$$\nabla^2 = \boxed{\frac{1}{R^2}\frac{\partial}{\partial R}\left(R^2 \frac{\partial V}{\partial R}\right)} + \frac{1}{R^2 \sin\theta}\frac{\partial}{\partial \theta}\left(\sin\theta \frac{\partial V}{\partial \theta}\right) + \frac{1}{R^2 \sin^2\theta}\frac{\partial^2 V}{\partial \phi^2}$$

Hleðslan hér er kúlusamhverf $\rightarrow$ rafstöðumættið getur ekki verið háð hornunum $\Omega = (\theta, \phi)$ því skiptir aðeins fyrsti liðurinn máli hér

4

Innan kúlu $\quad R \leq b, \ \rho = -\rho_0$

$$\nabla^2 V_i = + \frac{\rho_0}{\epsilon}$$

eða

$$\frac{1}{R^2}\frac{d}{dR}\left(R^2 \frac{dV_i}{dR}\right) = \frac{\rho_0}{\epsilon_0}$$

$$\downarrow$$

$$\frac{d}{dR}\left(R^2 \frac{dV_i}{dR}\right) = R^2 \frac{\rho_0}{\epsilon_0}$$

heildum óákveðið

$$R^2 \frac{dV_i}{dR} = \frac{1}{3} R^3 \frac{\rho_0}{\epsilon_0} + C_1$$

eða

$$\frac{dV_i}{dR} = \frac{1}{3} R \frac{\rho_0}{\epsilon_0} + \frac{C_1}{R^2}$$

Rafsviðið $\bar{E}_i = -\bar{\nabla} V_i$

$$\rightarrow \bar{E}_i = -\hat{a}_R \frac{dV_i}{dR}$$

Hleðslan er jafndreifð innan kúlu (engin punkthleðsla í miðju) $\rightarrow$ $\bar{E}_i$ getur ekki haft sérstöðupunkt í $R=0$

$$\rightarrow C_1 = 0$$

því höfum við

$$\boxed{\bar{E}_i = -\hat{a}_R \frac{\rho_0}{3\epsilon_0} R \qquad R \leq b}$$

Ein heildun í viðbót gefur

$$V_i = \frac{1}{6} R^2 \frac{\rho_0}{\epsilon_0} + C_1'$$

5

Utan kúlu $\quad R > b$

$$\nabla^2 V_o = 0$$

eða

$$\frac{1}{R^2}\frac{d}{dR}\left(R^2 \frac{dV_o}{dR}\right) = 0$$

$$\downarrow$$

$$\frac{d}{dR}\left(R^2 \frac{dV_o}{dR}\right) = 0$$

Heildun gefur

$$R^2 \frac{dV_o}{dR} = C_2$$

eða

$$\frac{dV_o}{dR} = \frac{C_2}{R^2}$$

$$\bar{E}_o = -\bar{\nabla} V_o = -\hat{a}_R \frac{dV_o}{dR} = -\hat{a}_R \frac{C_2}{R^2}$$

með óþekktum fasta C_2!

Hér er engin yfirborðshleðsla svo rafsviðið er samfellt í $R=b$

$$|\bar{E}_i(b)| = \frac{\rho_0}{3\epsilon_0} b = \frac{C_2}{b^2} = |\bar{E}_o(b)|$$

$$\rightarrow \quad C_2 = \frac{\rho_0 b^3}{3\epsilon_0}$$

eða

$$\bar{E}_o(R) = -\hat{a}_R \frac{\rho_0 b^3}{3\epsilon_0 R^2}, \quad R \geq b$$

$$= +\hat{a}_R \frac{\left(-\frac{4\pi}{3} b^3 \rho_0\right)}{4\pi\epsilon_0 R^2}$$

6

Fyrir mættið fæst

$$V_o = -\frac{\rho_0 b^3}{3\epsilon_0 R} + C_2'$$

$C_2' = 0$ því $\lim_{R \to \infty} V_o(R) = 0$

Áður fengum við

$$V_i = \frac{1}{6} R^2 \frac{\rho_0}{\epsilon_0} + C_1'$$

Rafstöðumættið er samfellt í $R = b$

$$V_i(b) = \frac{\rho_0 b^2}{6\epsilon_0} + C_1' = -\frac{\rho_0 b^2}{3\epsilon_0} = V_o(b)$$

$$\rightarrow C_1' = -\frac{\rho_0 b^2}{2\epsilon_0}$$

og þess vegna að lokum

$$V_i = -\frac{\rho_0}{3\epsilon_0}\left(\frac{3b^2}{2} - \frac{R^2}{2}\right)$$

Aðferð spegilhleðslna

(7)

Athugum punkthleðslu Q yfir leiðandi plötu með 0-spennu



punkthleðslan leiðir til yfirborðshleðslu á leiðaranum ρ_s

$$V(x,y,z) = \frac{Q}{4\pi\epsilon_0\sqrt{x^2+(y-d)^2+z^2}} + \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int \frac{\rho_s}{R_1}\,ds$$

En ρ_s er óþekkt!

Við vitum

* $V(x,0,z) = 0$ (á leiðaranum)
* Nærri punkthleðslunni gildir $V \to \frac{Q}{4\pi\epsilon_0 R}$ þ. $R \to 0$
* Fjarri Q þ. $x \to \pm\infty$, $y \to +\infty$, $z \to \pm\infty$ verður $V \to 0$

(8)

* Samhverfur
  $V(x,y,z) = V(-x,y,z)$
  $V(x,y,z) = V(x,y,-z)$
* Við leiðarann verður $\bar{E}$ að vera hornrétt á hann

Lausn

Kippa leiðaraplötu í burtu og bæta við spegilhleðslu



Fyrir $y>0$

$$V(x,y,z) = \frac{Q}{4\pi\epsilon_0}\left(\frac{1}{R_+} - \frac{1}{R_-}\right)$$

með

$$R_+ = \left[x^2 + (y-d)^2 + z^2\right]^{1/2}$$

$$R_- = \left[x^2 + (y+d)^2 + z^2\right]^{1/2}$$

(9)

Hægt er að sýna að $V(x,y,z)$ uppfyllir jöfnu Laplace og öll skilyrðin sem við nefndum

\+ Einkvæmni lausna

↓

Við höfum rétta lausn

* spegilhleðslan er utan þess svæðis sem við viljum leysa jöfnuna á
* Nú er einfalt að reikna $\bar{E}$ og ρ_s
* Lausnin gildir aðeins fyrir $y>0$

{ yfirborðshleðslan krefst stökks (ósamfellu) í $\bar{E}$ í yfirborðinu, Við höfum ekki reynt að ná því → aðeins lausn f. $y>0$ }

Línuhleðsla + Sívalningur

(10)



Í bók er sýnt að um spegilhleðsluna verður að gilda

$$\boxed{\rho_i = -\rho_l, \quad d_i = \frac{a^2}{d}}$$

þessi spegil línuhleðsla skapar jafnspennuflöt þar sem sívalningurinn var

\+

Einnig verður til jafnspennuflötur um ρ_l með miðju hliðraða um d_i frá ρ_l hjá fyrri sívalningi

11

Því getum við skoðað tvær línur



$$V_2 = \frac{\rho_\ell}{2\pi\epsilon_0}\ln\left(\frac{a}{d}\right)$$

$$V_1 = -\frac{\rho_\ell}{2\pi\epsilon_0}\ln\left(\frac{a}{d}\right)$$

Leitt út á bls. 163–4

Í stað jafnspennuflata leiðaranna koma spegilhleðslurnar $\pm\rho_\ell$ í fjarlægð $(D-2d_i) = (d-d_i)$ frá hvor annarri

12

$a<d \;\rightarrow\; \ln\left(\frac{a}{d}\right) < 0$

og rýmd á lengdareiningu

$$C = \frac{\rho_\ell}{V_1 - V_2} = \frac{\pi\epsilon_0}{\ln(d/a)}$$

Nú gildir $d = D - d_i = D - \frac{a^2}{d}$

$$\rightarrow d = \frac{1}{2}\left(D + \sqrt{D^2 - 4a^2}\right)$$

sleppum − lausninni því $D, d \gg a$

$$\boxed{C = \frac{\pi\epsilon_0}{\ln\left\{\frac{D}{2a} + \sqrt{\left(\frac{D}{2a}\right)^2 - 1}\right\}}} \quad \text{eða} \quad \boxed{C = \frac{\pi\epsilon_0}{\operatorname{Arccosh}\left(\frac{D}{2a}\right)}}$$

p.s. $\operatorname{Arccosh}(x) = \ln\left\{x + \sqrt{x^2-1}\right\}$

1

Spegilhleðslur fyrir kúluyfirborð



Hér gildir $\boxed{Q_i = -\frac{a}{d}Q, \quad d_i = \frac{a^2}{d}}$

spegilhleðslan er ekki sömu stærðar og upprunalega hleðslan

Dæmi: Reikna yfirborðshleðsluþéttleikann og heildar yfirborðshleðsluna

$$V(R,\theta) = \frac{Q}{4\pi\epsilon_0}\left(\frac{1}{R_Q} - \frac{a}{d\cdot R_{Q_i}}\right)$$

$$R_Q = \left[R^2 + d^2 - 2Rd\cos\theta\right]^{1/2}, \quad R_{Q_i} = \left[R^2 + \left(\frac{a^2}{d}\right)^2 - 2\left(\frac{a^2}{d}\right)\cos\theta\right]^{1/2}$$

2

Jaðarskilyrði fyrir E_n við leiðara

er $E_n = \frac{\rho_s}{\epsilon_0}$

Fyrir kúluflötinn hér gildir

$$E_R(R,\theta)\Big|_{R=a} = E_n$$

Athugið að θ er mælt frá línunni OQ. Best er að hugsa OQ sem z-ásinn hér. θ er þá venjulega azimuthal hornið í kúluhnitum.

$$\rightarrow \rho_s = \epsilon_0 E_R(a,\theta) = -\epsilon_0 \frac{\partial V(R,\theta)}{\partial R}\Big|_{R=a}$$

$$= -\frac{Q(d^2-a^2)}{4\pi a\left(a^2+d^2-2ad\cos\theta\right)^{3/2}}$$

$\rho_s < 0$ með max gildi fyrir $|\rho_s|$ í $\theta = 0$ og min gildi í $\theta = \pi$ (hinumegin á kúlunni)

3

$$\text{Heildarhleðsla} = \oint_{\text{Kúluyfirborð}} \rho_s \, ds = a^2 \int_0^{2\pi} d\varphi \int_0^{\pi} \sin\theta \, d\theta \, \rho_s(\theta,\varphi)$$

$$= -2\pi a^2 \int_0^{\pi} \frac{Q(d^2-a^2)\sin\theta \, d\theta}{4\pi a(a^2+d^2-2ad\cos\theta)^{3/2}} = -\frac{2\pi a Q(d^2-a^2)}{4\pi} \int_{-1}^{1} \frac{du}{(a^2+d^2-2adu)^{3/2}}$$

$$= -\frac{a}{d} Q = Q_i$$

Yfirborðshleðslan er jöfn spegilhleðslunni

4

Lausn Laplace jöfnu

Kerfi með engum hleðslum → engar spegilhleðslur mögulegar

Við skoðum „aðgreiningu breytistærða" sem er möguleg þegar „spennufletir" falla að flötum þekkts einfalds hnitakerfis

Í Morse og Feshbach (1953) eru kynnt 9 hnitakerfi sem jafna Laplace er aðgreind í

Við skoðum 3, Kartísk-, Sívalnings- og Kúluhnit

Aðgreining breytistærða er ekki alltaf möguleg, og þá eru enn til margar aðferðir

5

Hlutafleiðujafna + jaðarskilyrði

1. Dirichlet verkefni

   Mættið er gefið á jaðrinum

2. Neumann verkefni

   Normal afleiða mættisins er gefin á jaðrinum

3. Blandað verkefni

   Mættið er gefið á hluta jaðrins og normal afleiða þess á afganginum

6

Kartísk hnit

Jafna Laplace er

$$\left(\frac{\partial^2}{\partial x^2} + \frac{\partial^2}{\partial y^2} + \frac{\partial^2}{\partial z^2}\right) V(x,y,z) = 0$$

Gerum ráð fyrir að lausnin uppfylli

$$V(x,y,z) = X(x)\,Y(y)\,Z(z)$$

Hver liður er aðeins fall af einni breytu

Innsetning gefur

$$Y(y)Z(z)\frac{d^2X(x)}{dx^2} + X(x)Z(z)\frac{d^2Y(y)}{dy} + X(x)Y(y)\frac{d^2Z(z)}{dz} = 0$$

$$\rightarrow \frac{1}{X(x)}\frac{d^2X(x)}{dx^2} + \frac{1}{Y(y)}\frac{d^2Y(y)}{dy^2} + \frac{1}{Z(z)}\frac{d^2Z(z)}{dz} = 0$$

7

Því hlýtur að gilda

$$\frac{1}{X(x)}\frac{d^2X(x)}{dx^2} = -k_x^2 \qquad \text{o.s.fr. fyrir } y \text{ og } z$$

k_i – ákvarðast af jaðarskilyrðum og jafna Laplace krefst

$$k_x^2 + k_y^2 + k_z^2 = 0$$

Lausn $X''(x) + k_x^2 X(x) = 0$

k_x^2	k_x	$X(x)$	eða
0	0	$A_0x + B_0$	
+	k	$A_1\sin(kx) + B_1\cos(kx)$,	$C_1e^{ikx} + D_1e^{-ikx}$
−	ik	$A_2\sinh(kx) + B_2\cosh(kx)$,	$C_2e^{kx} + D_2e^{-kx}$

8

Dæmi



tvær samhliða plötur (óendanleg hálfplön) leiðandi $V=0$

finna $V(x,y,z)$ alls staðar innan

Ekkert háð z á jaðrinum $\rightarrow V = V(x,y)$

Jaðarskilyrði

$0 \leq y \leq b$ $\boxed{V(0,y) = V_0 \quad V(\infty, y) = 0}$

$\boxed{V(x,0) = 0 \quad V(x,b) = 0}$ $0 \leq x \leq \infty$

9

$V = V(x,y) \rightarrow k_z = 0$ og $Z(z) = B_0$

$k_x^2 + k_y^2 + k_z^2 = 0 \rightarrow k_y^2 = -k_x^2 = k^2$, $k \in \mathbb{R}$

Í þessu vali er k_x þvertala, setjum $k_x = ik$

$\rightarrow X(x) = D_2 e^{-kx}$, vaxandi lausnin er ekki möguleg þ. $x \rightarrow \infty$

Þá er eftir

$$Y(y) = A_1 \sin(ky)$$

Lausn væri því

$$V(x,y) = \underbrace{B_0 D_2 A_1}_{= C_n} e^{-kx} \sin ky$$

10

En við verðum líka að uppfylla

$$V(x,b) = 0 \leftrightarrow C_n e^{-kx} \sin(kb) = 0$$

sem er aðeins mögulegt ef

$$\sin(kb) = 0 \rightarrow kb = n\pi \text{ eða } k = \frac{n\pi}{b}, \quad n = 1,2,3\ldots$$

Lausnin er því

$$V_n(x,y) = C_n e^{-k_n x} \sin(k_n y), \quad k_n = \frac{n\pi}{b}$$

Þessi lausn uppfyllir jöfnu Laplace, en ekki jaðarskilyrðið $V(0,y) = V_0$ fyrir $0 < y < b$

(11)

Jafna Laplace er línuleg hlutafleiðujafna

—> summa $V_n(x,y)$ fyrir mism. n er líka lausn

$$V(x,y) = \sum_{n=1}^{\infty} C_n e^{-k_n x} \sin(k_n y)$$

og síðasta jaðarskilyrðið er uppfyllt ef

$$V(0,y) = \sum_{n=1}^{\infty} C_n \sin k_n y = V_0 \,, \quad 0<y<b$$

Ákvarða þarf stuðlana C_n svo þetta skilyrði verði uppfyllt. Þetta er í raun fourier röð.

Notum að föllin $\sin(k_m y)$ skilgreina fullkomin grunn á þessu bili

(12)

$$\sum_{n=1}^{\infty} C_n \sin(k_n y) = V_0$$

$$\longrightarrow \quad \sum_{n=1}^{\infty} \int_0^b C_n \sin(k_n y)\sin(k_m y)\,dy = \int_0^b V_0 \sin(k_m y)\,dy$$

$$\longrightarrow \quad \left.\begin{array}{ll} \frac{C_n}{2} b & \text{ef } m=n \\ 0 & \text{ef } m \neq n \end{array}\right\} = \left\{\begin{array}{ll} \frac{2bV_0}{m\pi} & \text{ef } m=1,3,5,\ldots \\ 0 & \text{ef } m=0,2,4,\ldots \end{array}\right.$$

$$\longrightarrow \quad C_n = \left\{\begin{array}{ll} \frac{4V_0}{n\pi} & \text{ef } n=1,3,5,\ldots \\ 0 & \text{ef } n=0,2,4,\ldots \end{array}\right.$$

(13)

Því fæst að lokum

$$V(x,y) = \frac{4V_0}{\pi} \sum_{n=1,3,5,\ldots} \frac{1}{n} e^{-k_n x} \sin(k_n y) \qquad \begin{array}{l} x>0 \\ 0<y<b \end{array}$$

Röðin er vel samleitin og því einfalt að teikna 2D-graf af lausninni

(1)

Jafna Laplace í sívalningshnitum (r,ϕ,z)

$$\nabla^2 V = 0 \quad \longleftrightarrow \quad \frac{1}{r}\frac{\partial}{\partial r}\left(r\frac{\partial V}{\partial r}\right) + \frac{1}{r^2}\frac{\partial^2 V}{\partial \phi^2} + \frac{\partial^2 V}{\partial z^2} = 0$$

Í bókinni er aðeins fjallað um sívalnings verkefni sem eru meir á lengdina en breiddina

$$\longrightarrow \quad \frac{1}{r}\frac{\partial}{\partial r}\left(r\frac{\partial V}{\partial r}\right) + \frac{1}{r^2}\frac{\partial^2 V}{\partial \phi^2} = 0$$

Gerum ráð fyrir að hægt sé að aðgreina breytistærðir þ.a.

$$V(r,\phi) = R(r)\Phi(\phi)$$

Innsetning gefur

$$\frac{r}{R(r)}\frac{d}{dr}\left\{r\frac{dR(r)}{dr}\right\} + \frac{1}{\Phi(\phi)}\frac{d^2\Phi(\phi)}{d\phi^2} = 0$$

(2)

því verður að gilda

$$\frac{r}{R(r)}\frac{d}{dr}\left\{r\frac{dR(r)}{dr}\right\} = k^2 \quad \text{og} \quad \frac{1}{\Phi(\phi)}\frac{d^2\Phi(\phi)}{d\phi^2} = -k^2$$

Fyrir hornið ϕ ~~fæst~~ því

$$\frac{d^2\Phi(\phi)}{d\phi^2} + k^2\Phi(\phi) = 0$$

$\Phi(\phi)$ verður að vera lotubundin, $\Phi(\phi) = \Phi(\phi + 2\pi n)$

k verður að vera heiltala

$$\rightarrow \Phi(\phi) = A_\phi \sin(n\phi) + B_\phi \cos(n\phi)$$

Jafna útþáttar er þá

$$r^2\frac{d^2R(r)}{dr^2} + r\frac{dR(r)}{dr} - n^2R(r) = 0$$

(3)

Lausn þessarar jöfnu er

$$R(r) = A_r r^n + B_r r^{-n}$$

Heildarlausnin (á svæði með $0 \le \phi \le 2\pi$) er því

$$V_n(r,\phi) = r^n\left\{A_n \sin(n\phi) + B_n \cos(n\phi)\right\} + r^{-n}\left\{A_n' \sin(n\phi) + B_n' \cos(n\phi)\right\}$$

Dæmi

samása kapall



Jaðarskilyrði

$V(b) = 0$

$V(a) = V_0$

Ekkert í uppsetningunni brýtur hornsamhverfu

$\rightarrow n = 0$

(4)

Þegar $n=0$ er jafna útþáttar

$$\frac{d}{dr}\left\{r\frac{dR(r)}{dr}\right\} = 0$$

sem leiðir til

$$R(r) = C_1 \ln r + C_2$$

Jaðargildin leiða til

$$\left.\begin{aligned} C_1 \ln b + C_2 &= V(b) = 0 \\ C_1 \ln a + C_2 &= V(a) = V_0 \end{aligned}\right\} \quad C_1 = -\frac{V_0}{\ln(b/a)}, \quad C_2 = \frac{V_0 \ln b}{\ln(b/a)}$$

$$\rightarrow \boxed{V(r) = \frac{V_0}{\ln(b/a)}\ln\left(\frac{b}{r}\right)}$$

(5)

Jafna Laplace í kúluhnitum

Í bókinni er einungis fjallað um verkefni í kúluhnitum sem hafa ϕ samhverfu, jafnan er þá

$$\frac{1}{R^2}\frac{\partial}{\partial R}\left(R^2\frac{\partial V}{\partial R}\right) + \frac{1}{R^2\sin\theta}\frac{\partial}{\partial\theta}\left(\sin\theta\frac{\partial V}{\partial\theta}\right) = 0$$

og lausnin er aðgreind í tvo þætti

$$V(R,\theta) = \Gamma(R)\Theta(\theta)$$

Innsetning gefur

$$\underbrace{\frac{1}{\Gamma(R)}\frac{d}{dR}\left\{R^2\frac{d\Gamma(R)}{dR}\right\}}_{R\text{-hluti}} + \underbrace{\frac{1}{\Theta(\theta)\sin\theta}\frac{d}{d\theta}\left\{\sin\theta\frac{d\Theta(\theta)}{d\theta}\right\}}_{\theta\text{-hluti}} = 0$$

6

R-hlutinn og θ-hlutinn verða að vera óháðir

$$\frac{1}{\Gamma(R)}\frac{d}{dR}\left\{R^2\frac{d\Gamma(R)}{dR}\right\} = k^2$$

því saman l. verður að koma út 0

og

$$\frac{1}{\Theta(\theta)\sin\theta}\frac{d}{d\theta}\left\{\sin\theta\frac{d\Theta(\theta)}{d\theta}\right\} = -k^2$$

Útþátturinn umformast í

$$R^2\frac{d^2\Gamma(R)}{dR^2} + 2R\frac{d\Gamma(R)}{dR} - k^2\Gamma(R) = 0$$

með lausn

$$\Gamma_n(R) = A_nR^n + BR^{-(n+1)}$$

og $n(n+1) = k^2$, $n = 0, 1, 2, \dots$

7

θ-hlutinn verður þá

$$\frac{d}{d\theta}\left\{\sin\theta\frac{d\Theta(\theta)}{d\theta}\right\} + n(n+1)\Theta(\theta)\sin\theta = 0$$

Sem er þekkt sem afleiðujafna Legendre og hefur lausn

$$\Theta_n(\theta) = P_n(\cos\theta)$$

P_n er Heiltölu Legendre. (Til eru einnig föll Legendre....)
P_n hefur enga sérstöðu. í $\theta = 0, \pi$ eins og hin lausnin $Q_n(\cos\theta)$

Samantekin er lausnin því

$$V_n(R,\theta) = \left\{A_nR^n + BR^{-(n+1)}\right\}P_n(\cos\theta)$$

8

<u>Dæmi</u>

Leiðandi kúla í föstu rafsviði



Við búumst við að á kúlunni skautist yfirborðshleðsla

Finna $V(R,\theta)$ og $\bar{E}(R,\theta)$

Í upphafi er rafsviðið $\bar{E}_0 = \hat{a}_zE_0$ áður en kúlunni er komið fyrir.

<u>Jaðarskilyrði</u>

$$\boxed{\begin{aligned} &V(b,\theta) = 0 && (1)\\ &V(R,\theta) = -E_0z = -E_0R\cos\theta && (2)\\ &\text{þ. } R \gg b \end{aligned}}$$

9

Almenna lausnin er

$$V(R,\theta) = \sum_{n=0}^{\infty}\left\{A_nR^n + B_nR^{-(n+1)}\right\}P_n(\cos\theta), \quad R \geq b$$

Jaðarskilyrði (2) gefur $A_n = 0$ ef $n \neq 1$, $A_1 = -E_0$
vitum $P_1(\cos\theta) = \cos\theta$

$$\rightarrow V(R,\theta) = -E_0R\cos\theta + \sum_{n=0}^{\infty}B_nR^{-(n+1)}P_n(\cos\theta)$$

fyrsti liðurinn í summunni $n=0$ á einungis við hlaðna kúlu $\rightarrow B_0 = 0$

$$V(R,\theta) = \left(\frac{B_1}{R^2} - E_0R\right)\cos\theta + \sum_{n=2}^{\infty}B_nR^{-(n+1)}P_n(\cos\theta)$$

10

Reynum jaðarskilyrði 1, $V(b,\theta)=0$

$$\rightarrow \left(\frac{B_1}{b^2} - E_0 b\right)\cos\theta + \sum_{n=2}^{\infty} B_n b^{-(n+1)} P_n(\cos\theta) = 0$$

sem verður aðeins uppfyllt með

$$B_1 = E_0 b^3 \quad \text{og} \quad B_n = 0 \ \text{f.} \ n \geq 2$$

$$\rightarrow \boxed{V(R,\theta) = -E_0\left\{1 - \left(\frac{b}{R}\right)^3\right\} R\cos\theta\,,} \qquad R \geq b$$

ytrasviðið

tvískautsþáttur

11

Ratsviðið

$$\bar{E}(R,\theta) = -\hat{a}_R \frac{\partial V}{\partial R} - \hat{a}_\theta \frac{\partial}{R\partial\theta} V$$

$$= +\hat{a}_R \left\{E_0\left[1 + 2\left(\frac{b}{R}\right)^3\right]\cos\theta\right\}$$

$$- \hat{a}_\theta \left\{E_0\left[1 - \left(\frac{b}{R}\right)^3\right]\sin\theta\right\} \qquad R \geq b$$

og hleðsluþéttleikinn

$$\rho_s(\theta) = \epsilon_0 E_R(b,\theta) = 3\epsilon_0 E_0 \cos\theta$$

tvípólsdreifing

12

Ef ekki er gert ráð fyrir ϕ-samhverfu í kúluhnitum verður hornþáttur lausnar kúluföll

$$Y_{lm}(\theta,\phi) = \sqrt{\frac{2l+1}{4\pi}\frac{(l-m)!}{(l+m)!}}\, P_l^m(\cos\theta)\, e^{im\phi}$$

þ.s.

$$P_l^m(x) = (-1)^m (1-x^2)^{m/2} \frac{d^m}{dx^m} P_l(x)$$

og

$$\int_0^{2\pi} d\phi \int_0^{\pi} \sin\theta\, d\theta\, Y^*_{l'm'}(\theta,\phi)\, Y_{lm}(\theta,\phi) = \delta_{ll'}\delta_{mm'}$$

Kúluföllin eru hornrétt. Og liðunin

$$r_< = \begin{cases} r' & \text{ef } r' < r \\ r & r < r' \end{cases}$$

$$\boxed{\frac{1}{|\bar{x} - \bar{x}'|} = 4\pi \sum_{l=0}^{\infty} \sum_{m=-l}^{l} \frac{1}{2l+1}\left(\frac{r_<^l}{r_>^{l+1}}\right) Y^*_{lm}(\theta',\phi')\, Y_{lm}(\theta,\phi)}$$

er notuð til að ráða við heildun með $\frac{1}{|\bar{x}-\bar{x}'|}$

13

Í sívalningshnitum er til skyld liðun

$$\boxed{\frac{1}{|\bar{x}-\bar{x}'|} = \sum_{m=-\infty}^{\infty} \int_0^{\infty} dk\, e^{im(\phi-\phi')} J_m(kr) J_m(kr')\, e^{-k(z_> - z_<)}}$$

í Besselföllum og einfaldari

$$\frac{1}{\sqrt{r^2+z^2}} = \int_0^{\infty} e^{-k|z|} J_0(kr)\, dk$$

$\frac{1}{|\bar{x}-\bar{x}'|}$ er Greenfallið fyrir Poisson jöfnuna í óendanlegu einsleitu rúmi og heildi eins og

$$V(\bar{x}) = \int d\bar{x}' \frac{\rho(\bar{x}')}{|\bar{x}-\bar{x}'|}$$

eru leyst oft með þessum liðunum

1

Sístæðir straumar

Straumþéttleiki og lögmál Ohms

Athugum straum hleðslubera í gegnum yfirborð



á tímanum Δt fer um ΔS

$$\Delta Q = \rho\, \bar{u}\cdot \underbrace{\hat{a}_n\, \Delta S}_{=\overline{\Delta S}}\, \Delta t$$

$$\rightarrow \quad \Delta I = \frac{\Delta Q}{\Delta t} = \rho\, \bar{u}\cdot\overline{\Delta S}$$

er straumurinn um ΔS

ρ: hleðsluþéttleiki

Straumþéttleikinn er þá skilgreindur með

$$\Delta I = \bar{J}\cdot\overline{\Delta S}$$

Heildarstraumurinn er heildi hans yfir S

$$I = \int_S \bar{J}\cdot d\bar{S}$$

og

$$\bar{J} = \rho\bar{u}$$

2

Á okkar stórsæja skala er $\bar{u}$ rekhraði hleðslubera

Í mörgum efnum gildir

$$\bar{u} = -\mu_e \bar{E}$$

þ.s. μ_e er hreyfanleiki rafeinda, og einnig

$$\bar{J} = \sigma\bar{E}$$

þ.s. $\sigma = -\rho_e\mu_e$

Þau efni eru kölluð ómsk (í þeim tengjast J og $\bar{E}$ línulega)

σ (conductivity) er eðlisleiðni efnis

Viðnám efnisbúts með lengd l og fastan þverskurð S er

$$\boxed{R = \frac{l}{\sigma S}}$$

Leiðni (conductance) efnisbúts er

$$G = \frac{1}{R} = \sigma\frac{S}{l}$$

$$\boxed{R_{sr} = R_1 + R_2\,, \quad \frac{1}{R_{\parallel}} = \frac{1}{R_1} + \frac{1}{R_2} \qquad G_{\parallel} = G_1 + G_2}$$

3

Lesa sjálf um íspennu og Lögmál Kirchhoff's

Straumur um yfirborð S

$$I = \oint_S \bar{J}\cdot d\bar{S} = -\frac{dQ}{dt} = -\frac{d}{dt}\int_V \rho\, dv$$

$$\rightarrow \int_V \bar{\nabla}\cdot J\, dv = -\int_V \frac{\partial\rho}{\partial t}\, dv$$

$$\downarrow$$

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{J} = -\frac{\partial\rho}{\partial t}$$

eða

$$\boxed{\frac{\partial}{\partial t}\rho + \bar{\nabla}\cdot\bar{J} = 0}$$

Samfelldnijafnan

Hleðsla er varðveitt í hverjum punkti rúmsins

Í einföldum ómskum leiðara gildir

$$\bar{J} = \sigma\bar{E}$$

$$\rightarrow \frac{\partial}{\partial t}\rho + \sigma\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = 0$$

$$\rightarrow \frac{\partial}{\partial t}\rho + \frac{\sigma}{\epsilon}\rho = 0$$

4

með lausn

$$\rho = \rho_0 e^{-\sigma/\epsilon\, t}$$

fyrir kopar er slökunartíminn

$$\tau = \frac{\epsilon}{\sigma} \sim 1\cdot 10^{-19}\,s$$

Hleðsluberi með fastan rekhraða $\bar{u}$ í rafsviði $\bar{E}$

Vinnan framkvæmd af $\bar{E}$

$$\Delta W = q\bar{E}\cdot(\Delta\bar{l})$$

$$\rightarrow \quad P = \frac{\Delta W}{\Delta t}\bigg|_{\Delta t\to 0} = q\bar{E}\cdot\bar{u}$$

er aflið tekið frá $\bar{E}$

fyrir hleðsluþéttleika fæst

$$dP = \bar{E}\cdot\rho\bar{u}\, dv$$

$$\downarrow$$

$$\boxed{P = \int_V \bar{E}\cdot\bar{J}\, dv}$$

Joules reglan fyrir sístæðan straum

5

Fyrir sístæðan straum gildir

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{J}=0 \quad \dashrightarrow \quad \oint_S \bar{J}\cdot d\bar{s}=0$$

Í óhmsku efni má setja saman

Heildisform

$$\bar{J}=\sigma\bar{E} \quad \text{og} \quad \bar{\nabla}\times\bar{E}=0$$

$$\Downarrow$$

$$\bar{\nabla}\times\left(\frac{\bar{J}}{\sigma}\right)=0 \quad \dashrightarrow \quad \oint_C \frac{1}{\sigma}\bar{J}\cdot d\bar{l}=0$$

Samanburður við $\bar{E}$ og $\bar{D}$ við jaðar gefur

$$\boxed{J_{1n}=J_{2n}} \quad \text{og} \quad \boxed{\frac{J_{1t}}{J_{2t}}=\frac{\sigma_1}{\sigma_2}}$$

6

Einsleitur leiðari

Um sístæðan straum í einsleitum leiðara gildir

$$\bar{\nabla}\times\bar{J}=0$$

Því er til mættisfall ϕ þ.a.

$$\bar{J}=-\bar{\nabla}\phi$$

og

$$\nabla^2\phi=0$$

Skilflötur tveggja leiðandi rafsvara (lekastraumur)

$$J_{1n}=J_{2n} \rightarrow \sigma_1 E_{1n}=\sigma_2 E_{2n}$$

$$D_{1n}-D_{2n}=\rho_s \rightarrow \epsilon_1 E_{1n}-\epsilon_2 E_{2n}=\rho_s$$

Því verður að vera hleðsla á skilfletinum

$$\rho_s=\left(\epsilon_1\frac{\sigma_2}{\sigma_1}-\epsilon_2\right)E_{2n}$$

$$=\left(\epsilon_1-\epsilon_2\frac{\sigma_1}{\sigma_2}\right)E_{1n}$$



7

Viðnám - rýmd



fyrir viðnám gildir

$$R=\frac{V}{I}=\frac{-\int_L \bar{E}\cdot d\bar{l}}{\oint_S \bar{J}\cdot d\bar{s}}=\frac{-\int_L \bar{E}\cdot d\bar{l}}{\oint_S \sigma\bar{E}\cdot d\bar{s}}$$

fyrir rýmd

$$C=\frac{Q}{V}=\frac{\oint_S \bar{D}\cdot d\bar{s}}{-\int_L \bar{E}\cdot d\bar{l}}=\frac{\oint_S \epsilon\bar{E}\cdot d\bar{s}}{-\int_L \bar{E}\cdot d\bar{l}}$$

berum saman

$$\boxed{RC=\frac{C}{G}=\frac{\epsilon}{\sigma}}$$

fyrir einsleitt efni

8

Dæmi

samása vír, þar höfðum við áður fundið

$$C=\frac{2\pi\epsilon}{\ln(b/a)} \quad \text{á lengdarein.}$$

Því er lekaviðnámið á einingarlengd

$$R=\frac{\epsilon}{\sigma}\left(\frac{1}{C}\right)=\frac{1}{2\pi\sigma}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

9

Aðferð til að reikna viðnám milli jafnspennuflata í efni

1. velja hnitakerfi
2. Gera ráð fyrir V_0 milli skauta
3. Finna $\bar{E}$ í leiðaranum (leysa Laplace ....)
4. finna leiðarstraum

$$I = \int_S \bar{J}\cdot d\bar{s} = \int_S \sigma \bar{E}\cdot d\bar{s}$$

5. Finna R sem

$$R = \frac{V_0}{I}$$

Gildir aðeins fyrir einsleitt efni með ϵ og σ fasta

10

Dæmi

Reikna viðnám fjórðungs-skinnu milli enda



Gerum ráð fyrir $V=0$ á $y=0$ eða $\phi=0$

$V=V_0$ á $x=0$ eða $\phi=\pi/2$

Sívalningshnit (í raun pólhnit)

$$\frac{d^2V}{d\phi^2}=0$$

almenn lausn

$$V = C_1\phi + C_2$$

með jaðarskilyrðum

$$\rightarrow V = \frac{2V_0}{\pi}\phi$$

11

Straumþéttleiki

$$\bar{J} = \sigma\bar{E} = -\sigma\bar{\nabla}V = -\hat{a}_\phi\sigma\frac{\partial V}{r\partial\phi} = -\hat{a}_\phi\frac{2\sigma V_0}{\pi r}$$

finna I, $d\bar{s} = -\hat{a}_\phi h\,dr$

$$I = \int_S \bar{J}\cdot d\bar{s} = \frac{2\sigma V_0}{\pi}h\int_a^b\frac{dr}{r} = \frac{2\sigma h V_0}{\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

og því

$$R = \frac{V_0}{I} = \frac{\pi}{2\sigma h\ln(b/a)}$$

D.K. Cheng minnir síðan á að það sé ekki augljóst í upphafi hvort $\bar{J}$ sé háð r !

1

Segulstöðufræði

Tilraunir sýna að ekki aðeins rafkraftur verkar á hleðslur

$$\bar{F}_e = q\bar{E}$$

Viðbætist kraftur með annarskonar verkun

$$\bar{F}_m = q\bar{u}\times\bar{B}$$

Leiðir til nýs sviðs, $\bar{B}$, segulflæðissviðs.

Eiginleikum $\bar{B}$ er lýst með tímaóháðu jöfnunum

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{B} = 0, \quad \bar{\nabla}\times\bar{B} = \mu_0\bar{J}$$

(2)

Seinni jafnan gefur

$$0 = \bar{\nabla} \cdot (\bar{\nabla} \times \bar{B}) = \mu_0 \bar{\nabla} \cdot \bar{J} \rightarrow \bar{\nabla} \cdot \bar{J} = 0$$

í samræmi við „stöðufræði".

Fyrri jafnan gefur

$$\oint_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = 0$$

Flæði $\bar{B}$ um lokað yfirborð er alltaf hverfandi í heild

→ ekki eru til frjálsar uppsprettur $\bar{B}$!
eins og hleðslur fyrir $\bar{E}$.
Segul einskaut eru ekki til! ← tilraunaniðurstaða

(3)

Stokes setningin gefur okkur

$$\bar{\nabla} \times \bar{B} = \mu_0 \bar{J}$$

$$\rightarrow \int_S (\bar{\nabla} \times \bar{B}) \cdot d\bar{s} = \mu_0 \int_S \bar{J} \cdot d\bar{s}$$

$$\rightarrow \oint_C \bar{B} \cdot d\bar{l} = \mu_0 I$$

Heildi $\bar{B}$ um lokaða lykkju er jafnt straumnum um lykkjuna

Lögmál Ampères. Hægt að nota á svipaðan hátt og Gauss lögmálið fyrir $\bar{E}$

(4)

Segulstöðufræðinni er lýst með

$$\boxed{\begin{array}{ll} \bar{\nabla} \cdot \bar{B} = 0 & \oint_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = 0 \\ \bar{\nabla} \times \bar{B} = \mu_0 \bar{J} & \oint_C \bar{B} \cdot d\bar{l} = \mu_0 I \end{array}}$$

Dæmi: Óendanlega langur vír með geisla b og straum I. Finna $\bar{B}$ utan og innan vírs



← veljum heildunarvegi hringlaga sammiðja leiðaranum

(5)

innan

$$d\bar{l} = \hat{a}_\phi r_1 d\phi$$

$$\bar{B}_1 = \hat{a}_\phi B_{\phi 1}$$

Heildið gefur hægrihandar-reglu: þumall í straumstefnu fingur í $\bar{B}$ stefnu

$$\int_{C_1} \bar{B}_1 \cdot d\bar{l} = \int_0^{2\pi} B_{\phi 1} r_1 d\phi = 2\pi r_1 B_{\phi 1}$$

Straumur innan C_1: $I_1 = \frac{\pi r_1^2}{\pi b^2} = \left(\frac{r_1}{b}\right)^2 I$

Því verður

$$\bar{B}_1 = \hat{a}_\phi B_{\phi 1} = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 r_1 I}{2\pi b^2} \qquad r_1 \leq b$$

Vex línulega með fjarlægð frá miðju vírs

Utan (6)

$$\bar{B}_2 = \hat{a}_\phi B_{\phi 2}\ , \quad d\bar{l} = \hat{a}_\phi r_2 d\phi$$

$$\oint_{C_2} \bar{B}_2 \cdot d\bar{l} = 2\pi r_2 B_{\phi 2}$$

$$\rightarrow \bar{B}_2 = \hat{a}_\phi B_{\phi 2} = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 I}{2\pi r_2} \qquad r_2 \geq b$$



Því sést strax að inni í leiðandi sívalningskel með yfirborðstraum er $\bar{B} = 0$

En utan er sviðið af sama konar tegund

Vigurmættið (7)

Vegna $\nabla \cdot \bar{B} = 0$ er hægt að finna vigursvið $\bar{A}$ þ.a.

$$\boxed{\bar{B} = \nabla \times \bar{A}}$$

Þessi jafna nægir ekki til að fast ákveða $\bar{A}$

"Öll vigursvið $\bar{A}$ má skipta upp í tvo þætti $\bar{A} = \bar{A}_l + \bar{A}_t$ þ.a. $\nabla \times \bar{A}_l = 0$ og $\nabla \cdot \bar{A}_t = 0$. Því er hægt að bæta $\bar{A}'$ við $\bar{A}$ þ.a. $\nabla \times \bar{A}' = 0$. $\bar{B}$ er óbreytt en $\bar{A}$ er ekki ákvarðað að fullu

Hér stendur t fyrir transverse og l fyrir longitudinal

Skoðum (8)

$$\nabla \times \bar{B} = \mu_0 \bar{J} \rightarrow \boxed{\nabla \times \nabla \times \bar{A} = \mu_0 \bar{J}}$$

Eða

$$\boxed{\nabla(\nabla \cdot \bar{A}) - \nabla^2 \bar{A} = \mu_0 \bar{J}} \quad (*)$$

Í raun þarf að nota $\nabla^2 \bar{A} = \nabla(\nabla \cdot \bar{A}) - \nabla \times \nabla \times \bar{A}$ sem skilgreiningu á $\nabla^2 \bar{A}$. Í kartísium hnitum fæst

$$\nabla^2 \bar{A} = \hat{a}_x \nabla^2 A_x + \hat{a}_y \nabla^2 A_y + \hat{a}_z \nabla^2 A_z$$

en þessi einföldun er ekki almenn fyrir önnur hnitakerfi

---

(9)

Við sáum áður að $\nabla \times \bar{E} = 0$ var notað til þess að finna V þ.a. $\bar{E} = -\nabla V$

Hér má nota $\nabla \times \bar{A}_l = 0$ til þess að finna skalarmætti sem gefur $\bar{A}_l$: $\bar{A}_l = -\nabla \Phi$ t.d. Þetta skalarmætti fundist aldrei í $\bar{B}$ því

$$\bar{B} = \nabla \times (\bar{A}_t - \nabla \Phi) = \nabla \times \bar{A}_t$$

Því tökum við mesta frelsi sem við höfum og krefjumst

$$\nabla \cdot \bar{A} = 0$$

← A hefur þá aðeins þverhluta

og jafnan verður

$$\boxed{\nabla^2 \bar{A} = -\mu_0 \bar{J}}$$

Coulombmæli, þvermæli, geislunarmæli

(10)

Í óendanlegu stóðarrúmi er lausn þessarar jöfnu

$$\boxed{\bar{A}(\bar{r}) = \frac{\mu_0}{4\pi} \int_{V'} d{r'}^3 \, \frac{\bar{J}(\bar{r}')}{|\bar{r}-\bar{r}'|}} \quad (**)$$

Tengsl $\bar{A}$ og $\bar{B}$, $\boxed{\bar{B} = \bar{\nabla} \times \bar{A}}$ má líka skrifa á heildisformi með því að heilda yfir yfirborð og nota reglu Stokes:

$$\Phi = \int_S \bar{B}\cdot d\bar{s} = \int_S (\bar{\nabla}\times\bar{A})\cdot d\bar{s} = \oint_C \bar{A}\cdot d\bar{l}$$

C er jaðar yfirborðsins S.

$$\rightarrow \quad \boxed{\Phi = \oint_C \bar{A}\cdot d\bar{l}}$$

(11)

Í (**) er stundum fjallað um straumdreifingu sem er einvíð eftir einhverjum lokuðum ferli C'
(J er þá skilgreint með δ-föllum) og jafnan verður

$$\boxed{\bar{A}(\bar{r}) = \frac{\mu_0 I}{4\pi} \oint_{C'} \frac{d\bar{l}'}{|\bar{r}-\bar{r}'|}}$$

Segulflóðisviðið er þá

